



**65. fundur Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings
haldinn í fjarfundi, mánudaginn 3. október 2022
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Jónína Brynjólfsdóttir formaður, Ólafur Áki Ragnarsson varaformaður, Hildur Þórisdóttir varamaður, Eiður Gísli Guðmundsson aðalmaður, Þórhallur Borgarson aðalmaður, Þórunn Hrund Óladóttir varamaður, Hulda Sigurdís Þráinsdóttir varamaður, Hannes Karl Hilmarsson áheyrnarfulltrúi, Hugrún Hjálmarsdóttir framkvæmda- og umhverfismálastjóri og Sóley Valdimarsdóttir ritari.

Fundargerð ritaði: Sóley Valdimarsdóttir, ritari á umhverfis- og framkvæmdarsviði

Dagskrá:

1. 202111134 - Málefni hafna í Múlaþingi 2022

Hafnastjóri og staðgengill hafnastjóra fóru yfir stöðu framkvæmda hjá höfnum Múlaþings.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Björn Ingimarsson - 08:30

Gauti Jóhannesson - 08:30

2. 202208029 - Nýr smábátarampur á Djúpavogi

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur bókun frá 28. fundi heimastjórnar Djúpavogs þar sem því er beint til umhverfis- og framkvæmdaráðs að gera ráð fyrir framkvæmdum við smábátarampur á Djúpavogi í fjárhagsáætlun næsta árs. Brýn þörf er talin á því að bæta aðstöðu við Djúpavoginn með auknu rými fyrir akandi og gangandi umferð og jafnframt bæta aðstöðu til landtöku smábáta. Hafnastjóri og staðgengill hafnastjóra sátu fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að vísa erindinu til hafnastjóra Múlaþings til frekari vinnslu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Gestir

Gauti Jóhannesson - 00:00

Björn Ingimarsson - 00:00



3. 202208143 - Fjárhagsáætlun umhverfis- og framkvæmdasviðs 2023

Hafnastjóri kynnti fjárhagsáætlun hafna 2023. Staðgengill hafnastjóra sitjur jafnframt undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun hafna Múlaþings og vísar henni til byggðaráðs við gerð fjárhagsáætlunar 2023.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Gestir

Björn Ingimarsson - 00:00

Gauti Jóhannesson - 00:00

4. 202209205 - Gjaldskrár 2023

Verkefnastjóri fjármála á umhverfis- og framkvæmdasviði kynnti drög að breytingum á gjaldskrá skipulags- og byggingarmála annars vegar og gjaldskrá þjónustumiðstöðva Múlaþings hins vegar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að gjaldskrá skipulags- og byggingarmála fyrir árið 2023 og vísar þeim til samþykktar hjá sveitarstjórn. Verkefnastjóra fjármála falið að gera breytingar á drögum að gjaldskrá þjónustumiðstöðva í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir ráðið að nýju.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Gestir

Vordís Jónsdóttir - 09:30

5. 202209237 - Römpum upp Múlaþing

Verkefnastjóri framkvæmdamála og aðgengisfulltrúi Múlaþings kynntu verkefnið Römpum upp Ísland og fylgdu eftir erindi frá forsvarsfólki þess. Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur að taka ákvörðun um þátttöku sveitarfélagsins í verkefninu.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að sveitarfélagið taki þátt í verkefninu og að gert verði ráð fyrir því í fjárhagsáætlun.

Ráðið felur verkefnastjóra framkvæmdamála og aðgengisfulltrúa að vinna málið áfram með samráðshópi um málefni fatlaðs fólks og felur hópnum að auglýsa eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í verkefninu og tilnefna staði sem uppfylla skilyrði til þátttöku.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.



Gestir

Kjartan Róbertsson - 10:00

Fanney Sigurðardóttir - 10:00

6. 202209242 - Málefni Slökkviliðs Múlapings

Slökkviliðsstjóri Múlapings fór yfir eldsvoðann í Vaski 28. september síðast liðinn.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Haraldur Geir Eðvaldsson - 10:30

7. 202208128 - Byggingaráform, grenndarkynning, Mánatröð 8

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur að nýju erindi vegna fyrirhugaðra byggingaráforma við Mánatröð 8 á Egilsstöðum. Grenndarkynningu áformanna lauk þann 28. september án athugasemda.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð staðfestir að grenndarkynningu byggingaráforma við Mánatröð 8 á Egilsstöðum sé lokið án athugasemda.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

8. 202202072 - Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands 2022

Fundargerð 445. fundar Hafnasambands Íslands lögð fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:05

